

**2. gr.**

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímaþörf.

**3. gr.**

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð bræðranna frá Sveinagörðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

## **SKIPULAGSSKRÁ**

**fyrir Minningarsjóð bræðranna frá Sveinagörðum.**

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður bræðranna frá Sveinagörðum.

**2. gr.**

Hann er stofnaður til minningar um bræðurna Eirík Símon og Bjarna Reykjalín Jóhannessyni frá Sveinagörðum, en báðir létust þeir af slysförum í Grímsey.

**3. gr.**

Stofnendur sjóðsins eru Guðmundur Jónsson, Steinunn Sigurbjörnsdóttir og Hafliði Guðmundsson, öll til heimilis að Nýja-Sjálandi í Grímsey. Er höfuðmarkmið sjóðsins að stuðla að byggingu sundlaugar í Grímsey og vinna að framgangi annarra framfaramála í eyjunni eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

**4. gr.**

Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00 og tekjur hans eru af gjöfum, áheitum, vöxtum og fjáröflun, sem sjóðsstjórn beitir sér fyrir meðal velunnara byggðarlagsins og þeirra, sem heiðra vilja minningu bræðranna. Sjóðurinn skal ávaxtaður í ríkis-skuldabréfum eða á annan tryggan hátt. Heimilt er sjóðsstjórn að verja tekjum sjóðsins, til þeirra málefna, sem samrýmast markmiðum hans.

**5. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal stjórnin tilnefnd til 4 ára í senn og skal hreppsnefnd Grímseyjarhrepps skipa 1 stjórnarmann, en stofnendur 2. Forfallist stjórnarmenn skulu sömu aðilar tilnefna stjórnarmenn í þeirra stað út starfstíma-bil stjórnarinnar. Tilnefni stofnendur ekki stjórnarmenn skal hreppsnefnd tilnefna alla stjórn sjóðsins.

Stjórnin skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað, sem sjóðnum viðkemur.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd árlega með reikningum Grímseyjarhrepps.